Fimmtudaginn 15. janúar 1998.

Nr. 286/1997. **Siglfirðingur ehf.**
(Baldur Guðlaugsson hrl.)
gegn
íslenska ríkinu
(Jón G. Tómasson hrl.)

Fiskveiðar. Aflahlutdeild. Aflamark. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 2. júlí 1997. Hann krefst þess, að ógiltur verði með dómi úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. mars 1997, þar sem staðfestar voru ákvarðanir Fiskistofu frá 7. febrúar 1997 um úthlutun aflaheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg til m/s Siglis, SI-250. Þá krefst hann þess, að kveðið verði á um það með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að skerða veiðireynslu skipsins í úthafskarfa á Reykjaneshrygg um 301.200 kg með vísan til þess, að umræddur afli hafi verið fenginn í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Loks krefst hann þess, að viðurkenndur verði með dómi réttur sinn til þess að fá metinn til aflareynslu allan afla m/s Siglis, SI-250, í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir. Til vara krefst áfrýjandi þess, að viðurkenndur verði réttur sinn til þess að fá metinn til aflareynslu allan sannanlegan afla m/s Siglis, SI-250, af „ósýktum“ úthafskarfa á Reykjaneshrygg, óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir. Áfrýjandi krefst í öllum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mörg ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

I.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, er Ísland aðili að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni, sem sett var á stofn með samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, sbr. lög nr. 68/1981 um aðild Íslands að þeim samningi. Í 4. gr. samningsins er kveðið á um það, að nefndin skuli rækja störf sín til verndunar og bestu nýtingar á fiskiauðlindum innan samningssvæðisins og taka mið af bestu tiltækum vísindalegum niðurstöðum. Samkvæmt e- og f-lið 7. gr. samningsins má nefndin meðal annars íhuga ráðstafanir varðandi ákvörðun á hámarksafla og skiptingu hans milli samningsaðila og stjórnun fiskveiðisóknarinnar og skiptingu hennar milli samningsaðila. Á ársfundi nefndarinnar í nóvember 1996 varð samkomulag milli aðildarríkja um nýtingu úthafskarfastofnsins á Reykjaneshrygg árið 1997. Úthlutað var 158.000 tonnum, og komu 45.000 tonn í hlut Íslands. Í samþykktinni var miðað við heildarafla að undanskildu svonefndu frákasti. Með reglugerð nr. 27/1997 um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg var tekin sú ákvörðun að úthluta hverju skipi, sem stundað hafði veiðar á úthafskarfa tiltekinn tíma, aflahlutdeild í úthafskarfa á grundvelli veiðireynslu þess, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Samkvæmt síðastnefndu lagaákvæði var með 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar ákveðið, að aflahlutdeild hvers skips skyldi að meginstefnu reiknuð í hlutfalli við afla skips þrjú bestu veiðiár þess almanaksárin 1991–1996. Í 2. – 4. mgr. 3. gr., sbr. og 5. gr., var kveðið nánar á um reikningsgrundvöll og skilyrði úthlutunarinnar. Í 4. gr. reglugerðarinnar var síðan mælt fyrir um skiptingu fyrrgreindra 45.000 tonna milli þessara fiskiskipa með úthlutun aflamarks á árinu 1997.

Hinn 7. mars 1997 úthlutaði Fiskistofa 51 skipi aflahlutdeild í úthafskarfa á Reykjaneshrygg, þar á meðal skipi áfrýjanda, m/s Sigli, SI-250, sem hafði stundað veiðar á þessu svæði árin 1995 og 1996. Sama dag var skipinu einnig úthlutað aflamarki fyrir árið 1997. Við útreikning aflahlutdeildar var eingöngu miðað við frystar afurðir skipsins, en ekki var tekið tillit til afla, sem veiddur hafði verið og nýttur í bræðslu. Á umræddu skipi áfrýjanda er búnaður til bræðslu auk frystingar á afla. Kveðst áfrýjandi ekki eingöngu hafa brætt sýktan karfa, heldur einnig þann hluta aflans, sem ekki hent-

aði til frystingar af öðrum ástæðum. Telur áfrýjandi, að það hlutfall heildaraflans, sem fór í bræðslu, hafi verið á milli 28–32% í hverri veiðiferð. Krefst hann þess, að sá afli verði metinn til aflareynslu við úthlutun veiðiheimilda, enda sé hvorki heimild í lögum né reglugerð til þess að undanskilja þann afla.

Fram er komið í málinu, að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndin hafi talið eðlilegra í framkvæmd og einfaldara í eftirliti að miða heildaraflaheimildir og aflaheimildir einstakra þjóða við ósýktan fisk, þegar hún fjallaði um stjórn úthafskarfaveiðanna. Ákvörðun nefndarinnar um skiptingu aflaheimilda hafi byggst á því, að um ósýktan karfa væri að ræða. Talið hefur verið, að um 16% af heildaraflanum séu sýkt. Þykir í ljós leitt, að sá hluti hafi ekki verið notaður til viðmiðunar við úthlutun veiðiheimilda til einstakra ríkja. Hafi ákvæði reglugerðar nr. 27/1997 um skiptingu veiðiheimildar Íslands milli einstakra skipa jafnframt verið á því byggð. Er því hafnað kröfu áfrýjanda um að meta til veiðireynslu sýktan karfa, sem fór í bræðslu.

II.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að við úthlutun veiðiheimilda til aðildarríkja að Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni hafi verið miðað við, að allur ósýktur úthafskarfi væri nýttur til frystingar, og skyldi hlutur Íslands, 45.000 tonn, þannig miðast við hirtan fisk. Það hafi verið grundvallarforsenda og í samræmi við verndunarsjónarmið samningsins, að allur ósýktur fiskur væri nýttur til manneldis. Því hafi verið ákveðið í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997, að við útreikning afla skyldi miða við 55% nýtingu, hafi karfanum verið landað hausskornum, en 30%, hafi honum verið landað flökuðum með roði og beinum, sbr. og 2. mgr. 4. gr. um aflamark. Hjá frystitogara, sem ekki er með búnað til bræðslu, sé þannig miðað við 46% af karfaafla upp úr sjó, en 16% hans eru talin sýkt, eins og áður segir. Ísfiskstogari fái hins vegar úthlutað aflahlutdeild miðað við allan afla, sem landað sé. Við úthlutun aflahlutdeildar verði skipin því eins sett, hvort sem um sé að ræða frystitogara eða ísfiskstogara og hvort sem skip sé með búnað til bræðslu eða ekki.

Í 3. gr. laga nr. 151/1996 er sjávarútvegsráðherra veitt heimild til að setja reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu, sem nauð-

synlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins. Í 2. mgr. 4. gr. sömu laga er sú skylda lögð á herðar ráðherra að binda með reglugerð veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum, sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum, sem teknar séu með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands, að því er varðar fiskstofna, sem veiðast bæði innan og utan íslensku lögsögunnar, sbr. 5. gr. Samkvæmt 7. gr. laganna getur ráðherra sett reglur meðal annars um þær aðgerðir, sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja ábyrgar veiðar, og skal hann í þessum efnum byggja á samningum, sem Ísland er aðili að. Í 2. gr. laga nr. 68/1981 er ráðherra enn heimilað að setja reglur um framkvæmd áðurnefnds samnings um framtíðarsamvinnu ríkja um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

Í úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins 21. mars 1997 segir meðal annars, að eðli bakreiknistuðla í lögum og reglugerðum um fiskveiðistjórn sé að reyna að meta magn afla upp úr sjó út frá magni þeirra afurða, sem landað sé og komi til vigtunar eða eftirlits með öðrum hætti. Með því að miða við, að nýting á hausskornum karfa sé 55%, sé mörkuð aðferð til að reikna út heildarafla skips óháð því, hvort þau 45%, sem ekki nýtist til frystingar, séu brædd eða ekki hirt.

Á það verður að fallast með stefnda, að þær útreikningsaðferðir, sem fram koma í 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 27/1997, séu eðlilegar og réttmætar og til þess fallnar að tryggja jafnræði þeirra, er stunda veiðar úthafskarfa á Reykjaneshrygg, og um leið skynsamlega nýtingu fiskstofnsins. Þær eiga sér stoð í víðtækum heimildum laga nr. 151/1996 og laga nr. 68/1981 og eru um leið í samræmi við markmið laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, sbr. 1. gr. Sjávarútvegsráðuneytinu var þannig heimilt að ákveða, að sá hluti afla m/s Siglis, SI-250, sem fór til bræðslu um borð, skyldi ekki metinn við úthlutun aflaheimilda á úthafskarfa.

III.

Í 2. málslið 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997 segir, að við úthlutun aflahlutdeildar skuli ekki taka tillit til afla, sem fenginn sé í andstöðu við ákvæði laga um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr.

20/1987 um sjómannadag. Áfrýjandi krefst þess, að afli sá, sem m/s Siglir, SI-250, fékk, á meðan verkfall Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess stóð yfir árið 1995, 301.200 kg, verði talinn með við útreikning aflahlutdeildar skipsins, en Fiskistofa og sjávarútvegsráðuneyti tóku ekki tillit til þess afla. Byggir áfrýjandi aðallega á því, að reglugerðarákvæðið skorti lagastoð. Með dómi Félagsdóms 10. júní 1996 var áfrýjandi dæmdur fyrir brot gegn 4. gr. laga nr. 80/1938 með því að víkja tilteknum félagsmönnum Verkalýðsfélagsins Vöku á Siglufirði úr skiprúmi fyrir að sinna ekki brottfararkvaðningu til skips í verkfallinu og gegn 18. gr. sömu laga með því að reyna að koma í veg fyrir, að vinnustöðvunin næði fram að ganga.

Í lögum nr. 151/1996 er ekki að finna sérstakt ákvæði, sem framangreindur málsliður reglugerðarinnar gæti átt efnislega stoð í. Varð úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins 21. mars 1997 því ekki byggður á þessu reglugerðarákvæði sem slíku. Það brýtur hins vegar í bága við jafnræðisreglu íslensks réttar, að þeir, sem stunda veiðar, er fela í sér brot gegn löggjöf um almenna framkvæmd fiskveiða íslenskra skipa, geti öðlast betri rétt til leyfisveitinga úr hendi stjórnvalda en hinir, sem fara að lögum. Þær stjórnvaldsaðgerðir, sem áfrýjandi ber brigður á, voru í raun byggðar á þessum sjónarmiðum. Þær voru til þess fallnar að jafna hlut þeirra við úthlutun aflahlutdeildar í úthafskarfa, sem þannig stóðu misjafnlega að vígi. Af þessum ástæðum var réttmæt sú ákvörðun ráðuneytisins að líta ekki til þess afla, sem fenginn var í umræddu verkfalli, en hún verður hvorki talin fela í sér refsingu né refsikennd viðurlög. Ber því einnig að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um þennan þátt.

IV.

Samkvæmt öllu framansögðu verður hinn áfrýjaði dómur staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Siglfirðingur ehf., greiði stefnda, íslenska ríkinu, 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Sératkvæði
Guðrúnar Erlendsdóttur

Ég er samþykk því, sem segir í I. og III. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda, en ósamþykk niðurstöðu í II. kafla þess.

Eins og greinir í I. kafla, notaði áfrýjandi ekki eingöngu sýktan fisk til bræðslu á þeim tíma, er máli skipti við mat á veiðireynslu, heldur einnig ósýktan fisk, sem hann taldi, að ekki hentaði til frystingar. Við útreikning á aflahlutdeild samkvæmt 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997 var eingöngu miðað við frystan eða ísaðan fisk, en ekki tekið tillit til fisks, sem fór í bræðslu. Í lögum nr. 151/1996 er ekki kveðið á um það, hvernig einstaka fiskistofnar skuli nýttir eða hvernig úthlutað skuli afla úr þeim, en ráðherra er veitt heimild í 2. mgr. 4. gr. að setja ákvæði í reglugerð til að fullnægja samningsskuldbindingum Íslands, sbr. og 19. gr. Í 1. gr. laganna er hugtakið veiðar skilgreint á þann veg, að það teljist „hvers konar nýting nytjastofna". Bræðsla á karfa í lýsi og mjöl felur í sér nýtingu á nytjastofni. Þótt sú nýting sé ekki sambærileg að verðmætasköpun við frystingu aflans, er hér um vinnslumöguleika að ræða, sem nauðsynlegt var að taka afstöðu til, þegar fjallað var um úthlutun aflahlutdeildar, og meta til veiðireynslu í hlutfalli við nýtinguna. Samkvæmt framansögðu tel ég, að 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997 hafi ekki næga lagastoð, og beri því að ógilda úrskurð sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. mars 1997, að því er varðar þá ákvörðun Fiskistofu, að við úthlutun aflahlutdeildar til m/s Siglis, SI-250, skuli eingöngu miða við frystar afurðir skipsins. Einnig tel ég, að viðurkenna beri rétt áfrýjanda til þess að fá metinn til aflareynslu afla skipsins af ósýktum úthafskarfa, sem var nýttur í bræðslu.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 19. júní 1997.

I.

Mál þetta var höfðað með stefnu, út gefinni 21. apríl 1997, en dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur féllst sama dag á beiðni stefnanda þess efnis,

að mál þetta sætti flýtimeðferð eftir ákvæðum XIX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Málinu var við þingfestingu 22. s. m. frestað til greinargerðar stefnda til 5. maí sl. Þann dag var munnlegur málflutningur ákveðinn 22. maí. Fór hann fram þann dag og málið dómtekið.

Stefnandi er Siglfirðingur ehf., kt. 580679-0729, Aðalgötu 34, Siglufirði.

Stefndi er sjávarútvegsráðherra f. h. íslenska ríkisins.

Stefnandi gerir eftirtaldar dómkröfur:

1. að ógiltur verði með dómi úrskurður sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. mars 1997, þar sem staðfestar voru ákvarðanir Fiskistofu, dags. 7. febrúar 1997, um úthlutun aflaheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg til Siglis, SI-250,

2. að kveðið verði á um það með dómi, að stefnda hafi verið óheimilt að skerða veiðireynslu Siglis, SI-250, í úthafskarfa á Reykjaneshrygg um 301.200 kg með vísan til þess, að umræddur afli hafi verið fenginn í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur,

3. að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til að fá metinn til aflareynslu allan afla Siglis, SI-250, í úthafskarfa á Reykjaneshrygg óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir.

Til vara er þess krafist, að viðurkenndur verði réttur stefnanda til að fá metinn til aflareynslu allan sannanlegan afla Siglis, SI-250, af „ósýktum" úthafskarfa á Reykjaneshrygg óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða sér málskostnað að mati dómsins eða samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi, hvort tveggja vegna aðal- og varakröfu.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, þ. e., að öllum dómkröfum stefnanda verði hafnað og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað eftir mati dómsins.

II.

Málavextir.

Stefnandi á og gerir út skipið Sigli, SI-250. Skipið, sem hefur verið skráð hér á landi frá byrjun árs 1995, hefur ekki veiðileyfi, en var gert út til veiða á úthafskarfa á Reykjaneshrygg árin 1995 og 1996.

Úthafskarfinn á Reykjaneshrygg er að hluta til óhæfur til frystingar vegna skemmda á fiskholdinu, en þeim valda sníkjudýr, er lifa á fiskinum. Þessi úthafskarfi hefur verið kallaður „sýktur" og er almennt ekki nýttur til frystingar og því kastað.

Siglir, SI-250, er búinn fiskimjölsverksmiðju auk búnaðar til frystingar á

afla og nýtir því þann hluta karfa til bræðslu, sem ekki fer í frystingu. Hefur hlutfall heildarafla Siglis, SI-250, sem hefur farið í bræðslu, verið á milli 28–32% í hverri veiðiferð, en hlutfall „sýkts" karfa af heildarafla telst almennt vera um 16%.

25. maí til 15. júní 1995 stóð yfir verkfall sjómanna. Stefnandi taldi útgerð Siglis, SI-250, falla utan þess og hélt skipinu til veiða 2. júní. Voru þá fjórir skipverja, sem neituðu að fara út með skipinu við þær aðstæður, leystir frá störfum. Með dómi Félagsdóms 10. júní 1996 var talið, að stefnandi hefði með brottrekstri umræddra skipverja brotið gegn 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938, og var stefnanda gert að greiða 500.000 kr. í sekt í ríkissjóð.

7. febrúar 1997 úthlutaði Fiskistofa Sigli, SI-250, til bráðabirgða aflaheimildum í úthafskarfa á Reykjaneshrygg á grundvelli laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, sbr. reglugerð nr. 27/1997 um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Þar var stefnanda tilkynnt, að við útreikning á aflahlutdeild stefnanda skv. aflareynslu áranna 1995 og 1996 skyldi ekki tekið tillit til afla, sem veiddur hefði verið og nýttur í bræðslu, en auk þess skyldi frá veiðireynslu stefnanda draga 301.200 kg, sem veidd voru, meðan á verkfalli sjómanna stóð. Stefnandi mótmælti þessari ákvörðun og kærði hana til sjávarútvegsráðuneytisins, sem staðfesti ákvarðanir Fiskistofu með úrskurði, dags. 21. mars 1997.

Mál þetta er höfðað til ógildingar á úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins og til viðurkenningar á sjónarmiðum stefnanda.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Krafa stefnanda um ógildingu úrskurðar stefnda styðst við það, að með úrskurðinum hafi stefndi með ólögmætum hætti skert rétt stefnanda til aflahlutdeildar í úthafskarfa á Reykjaneshrygg skv. lögum nr. 151/1996 og reglugerð nr. 27/1997 með síðari breytingum.

Stefnandi heldur því fram, að ákvörðun stefnda þess efnis að draga frá veiðireynslu skipsins 301.200 kg með vísan til þess, að umræddur afli hafi verið fenginn í andstöðu við lög nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur, hafi verið ólögmæt. Reglugerðarákvæðið, sem hin umdeilda ákvörðun hvíli á, þ. e. 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997, skorti lagastoð. Hvorki í lögum nr. 151/1996 né lögum nr. 80/1938 sé að finna heimild til handa ráðherra að setja í reglugerð slíkt skerðingarákvæði. Þá skorti ráðherra vald til að setja í reglugerðir ákvæði um refsikennd viðurlög eða skerðingu réttinda borgara fyrir ætluð brot á lögum, nema honum hafi með skýrum hætti verið fengið slíkt vald með lögum. Telur stefnandi, að hið umdeilda reglugerðarákvæði og ákvörðun stefnda um skerðingu veiðireynslu Siglis, SI-250, á grundvelli

þess hafi brotið gegn 2. og 69. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 og 1. og 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Stefnandi vísar einnig til þess, að samkvæmt 70. gr. laga nr. 80/1938 varði brot á ákvæðum laganna sektum og skaðabótum. Í 44. gr. laga nr. 80/1938 sé kveðið á um, að Félagsdómur dæmi í málum, er rísa út af kærum um brot á lögunum. Þá bendir stefnandi á, að í lögum nr. 80/1938 séu engin ákvæði, er fjalli um fiskveiðar eða afla, og því vandséð, hvernig hægt sé að veiða úthafskarfa í andstöðu við lögin. Stefnandi hafnar því, að Siglir, SI-250, hafi fengið nokkurn afla í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938, þrátt fyrir það að Félagsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu með dómi, dags. 10. júní 1996, að brottrekstur fjögurra skipverja Siglis, SI-250, 12. júní 1995 hafi brotið gegn 4. og 18. gr. laga nr. 80/1938. Fyrir það brot hafi stefnanda verið refsað með sekt í ríkissjóð, að fjárhæð 500.000 kr. Stefnandi leggur jafnframt á það áherslu, að í dómi Félagsdóms sé ekki kveðið á um það, að veiðar eða afli Siglis, SI-250, dagana 2.–15. júní 1995 hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938.

Stefnandi telur samkvæmt þessu, að ákvæði reglugerðar nr. 27/1997 þess efnis, að við mat á veiðireynslu skuli ekki tekið tillit til afla, sem fenginn hafi verið í andstöðu við lög nr. 80/1938, skorti lagastoð. Þá heldur stefnandi því fram, að þar sem ákvæðið feli í sér ákvörðun um viðurlög fyrir ætluð lögbrot, brjóti það gegn 69. gr. stjórnarskrárinnar með þrennum hætti. Í fyrsta lagi sé kveðið á um viðurlög fyrir háttsemi, sem gerðist fyrir gildistöku ákvæðisins, í öðru lagi skorti lagastoð fyrir refsinæmi háttseminnar, og í þriðja lagi sé í ákvæðinu kveðið á um aðra og þyngri refsingu en ákvæði laga nr. 80/1938 heimili fyrir brot á þeim lögum, enda verði í því tilfelli talið, að hægt verði að fá afla í andstöðu við lög nr. 80/1938.

Fiskistofu og/eða sjávarútvegsráðuneytinu sé ekki falið að dæma um það, hvort brotið hafi verið gegn ákvæðum laga nr. 80/1938, enda brjóti það gegn 70. gr. stjórnarskrárinnar. Stefnandi telur tilraun sjávarútvegsráðherra til að gera félaginu frekari viðurlög en kveðið var á um í dómi Félagsdóms fyrir brot á lögum nr. 80/1938 gróft brot á 67. gr. laga nr. 80/1938 og 116. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938, en þessi ákvæði eiga að tryggja aðila gegn því að þurfa að svara tvisvar til sakar fyrir sama brot. Þá telur stefnandi framsal refsiákvörðunar og refsivalds til Fiskistofu með reglugerð nr. 27/1997 gróft brot á 69. gr. og 70. gr. stjórnarskrárinnar og afturvirkni refsingarinnar berlegt brot á 69. gr. stjórnarskrárinnar og 7. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Stefnandi ítrekar, að jafnvel þótt talið verði, að Fiskistofa hafi einungis verið að framfylgja almennum skilyrðum við mat á veiðireynslu, hafi ráð-

herra skort lagaheimild til að setja slíkt skilyrði eða skerða aflareynslu einstakra aðila á þessum forsendum. Þá vísar stefnandi til þess, að umrædd regla geti ekki talist almenn, þar sem einungis sé skert aflareynsla aðila fyrir tiltekin og afmörkuð lögbrot og beinist að atburðum, sem þegar hafi gerst.

Stefnandi bendir á, að þær útgerðir, sem gerast sekar um brot gegn „fiskveiðilöggjöf, vinnulöggjöf eða almennum hegningarlögum" eða öðrum lögum en lögum nr. 80/1938 og nr. 20/1987, séu ekki sviptar veiðireynslu vegna þeirra brota, og því fái rökstuðningur ráðuneytisins ekki staðist. Þá telur stefnandi, að í rökstuðningi ráðuneytisins felist ákveðin staðfesting á þeirri augljósu mismunun, sem felist í ákvæðum reglugerðarinnar og komi í veg fyrir, að þau geti talist almenn eða réttlætt sem slík, enda sé ekki um það að ræða, að öll hugsanleg lögbrot útgerða við veiðar á úthafskarfa séu meðhöndluð með sama hætti eða valdi skerðingu á aflareynslu. Telur stefnandi, að með setningu sérreglu um sviptingu veiðireynslu fyrir brot gegn lögum nr. 80/1938 og lögum nr. 20/1987 hafi stefndi brotið gegn þeirri grundvallarreglu, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum, sbr. 65. gr. stjórnarskrárinnar og 11. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Stefnandi fullyrðir, að ráðherra hafi ekki vald til að setja í reglugerð önnur skilyrði eða aðrar efnisreglur en fram koma í þeim lögum, sem ráðherra er að framfylgja með setningu viðeigandi reglugerðar, enda er ráðherra með því að grípa fram fyrir hendur löggjafans með ólögmætum hætti, sbr. 2. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Lagastoð hafi skort fyrir þeirri ákvörðun stefnda að hafna því að telja til aflareynslu Siglis, SI-250, þann afla, sem nýttur hefur verið í bræðslu. Telur stefnandi, að hvorki í lögum nr. 151/1996 né reglugerð nr. 27/1997 sé að finna heimild til handa stefnda til að undanskilja frá veiðireynslu Siglis, SI-250, afla, sem nýttur hefur verið í bræðslu. Í 1. gr. laga nr. 151/1996 komi skýrlega fram, að veiðar samkvæmt lögunum skuli teljist hvers konar nýting nytjastofna. Í 2. mgr. 5. gr. laganna segi, að sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni, sem samfelld veiðireynsla sé á, skuli aflaheimild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra undangengin sex veiðitímabil. Ákvæði reglugerðar nr. 27/1997 sé efnislega samhljóða lögunum, og í reglugerðinni sé engar heimildir að finna til þess að undanskilja afla, er nýttur hafi verið til bræðslu, við mat á veiðireynslu. Hafnar stefnandi algerlega þeim skilningi Fiskistofu, að heimilt sé að gagnálykta út frá 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar á þá leið, að þar sem ekki sé tiltekið í greininni, hvert skuli vera nýtingarhlutfall við útreikning á afla, er nýttur hefur verið í bræðslu, beri að undanskilja hann við útreikning heildarafla.

Stefnandi telur samkvæmt ofanskráðu, að til veiða samkvæmt lögum nr. 151/1996 skuli telja allan afla óháð því, hvernig hann var að lokum nýttur, enda er það hin almenna regla. Fullyrðir stefnandi, að til þess að undantekningarregla þess efnis, að karfi, sem veiddur hefur verið og nýttur til bræðslu, skuli ekki teljast til veiða eða veiðireynslu úr úthafskarfastofnunum á Reykjaneshrygg, fái staðist, hefði verið nauðsynlegt að kveða á um það í lögum nr. 151/1996. Samkvæmt framansögðu beri því að viðurkenna rétt stefnanda til að fá allan úthafskarfaafla Siglis, SI-250, metinn til aflareynslu óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir.

Varakrafa stefnanda er studd þeim rökum, að verði stefnda talið heimilt að líta fram hjá ætluðum afla Siglis, SI-250, af „sýktum" úthafskarfa við mat á veiðireynslu, eigi stefnandi eftir sem áður rétt til þess að fá metinn til veiðireynslu allan sannanlegan afla af „ósýktum" úthafskarfa.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi vísar til þess, að Ísland sé aðili að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi, sbr. lög nr. 68/1981, en samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögunum. Á ársfundi Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í nóvember 1996 hafi orðið samkomulag með aðildarríkjunum um nýtingu úthafskarfastofnsins á Reykjaneshrygg árið 1997. Samkvæmt því komu 45.000 lestir af úthafskarfa í hlut Íslands. Það magn sé miðað við hirtan fisk og miðist við 5. grein áðurnefnds samnings. Þegar fjallað var um stjórn veiða á þessum stofni innan NEAFC, hafi verið talið, að eina leiðin væri að miða þann heildarafla, sem kom í hlut hverrar þjóðar, við þann afla, er að landi kæmi, og var þá gert ráð fyrir, að allur ósýktur fiskur væri nýttur til frystingar. Hlutfall þessa sýkta fisks sé breytilegt, en hafi að meðaltali verið talið nærri 16%. Veiðar á karfa til bræðslu hafa ekki verið stundaðar síðustu 2–3 áratugi.

Með reglugerð um úthlutun veiðiheimilda úthafskarfa á Reykjaneshrygg nr. 27 frá 27. janúar 1997 var sú ákvörðun tekin að úthluta hverju skipi, sem stundað hafði veiðar á úthafskarfa tiltekinn tíma, aflahlutdeild í úthafskarfa, sbr. 5. gr. laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands nr. 51/1996. Aflahlutdeild skips sé reiknuð í hlutfalli við afla þess þrjú bestu veiðiárin almanaksárin 1991–1996. Í 3. gr. reglugerðarinnar segi, að ekki skuli taka tillit til afla, sem fenginn sé í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 20/1987 um sjómannadag. Þá segi, að vegna afla árið 1996 skuli aðeins miða við afla, sem tekinn er af aflaheimildum Íslands.

Í lokamálsgrein 3. gr. sér kveðið á um, hvernig reikna skuli út afla einstakra skipa viðmiðunarárin. Sé miðað við 55% nýtingu, hafi úthafskarfa verið landað hausskornum, en við 30% nýtingu, hafi karfanum verið landað flökuðum með roði og beinum. Til skýringar skuli þess getið, að uppistaða úthafskarfaaflans hafi verið unnin með því móti, að karfinn hefur verið hausaður og síðan frystur. Nýtingin hafi lengst af verið talin u. þ. b. 50%, en heldur aukist með árunum, og því hafi viðmiðun í reglugerðinni verið ákveðin 55% hjá þeim skipum, sem hausa og frysta aflann, en 30% hjá þeim, sem flaka hann. Þó sé ljóst, að nýting hljóti að vera nokkuð mismunandi hjá einstökum skipum, m. a. eftir aflamagni, tækjakosti, ástandi fisksins og jafnvel vandvirkni áhafnar. Hins vegar hafi ekki verið talið fært að meta nýtingu einstakra veiðiskipa, enda um mjög flókið ferli að ræða og engar upplýsingar legið fyrir um þau atriði, sem til þess væru nauðsynlegar. Sú aðferð að leggja fasta nýtingu til grundvallar útreikningi á afla hafi verið í samræmi við þá framkvæmd, sem notuð hafi verið, þegar árlegur heildarafli Íslands hafi verið gefinn upp til NEAFC.

Í samræmi við ofangreind sjónarmið hafi Fiskistofa úthlutað útgerð stefnanda veiðiheimildum. Ekki hafi verið tekið tillit til annarra afurða Siglis, SI-250, en frystra. Þar sem skipið stundaði veiðar, á meðan verkfall Sjómannasambands Íslands og aðildarfélaga þess stóð yfir, hafi sá afli, sem fenginn var þann tíma, 301.200 kg, ekki komið til álita við útreikning aflahlutdeildar.

Stefndi telur það almenna reglu, að afli, sem fenginn sé með lögbrotum, veiti ekki aflareynslu. Brot á lögum eigi ekki að geta veitt óeðlilegan ávinning. Þegar reglugerð nr. 27/1997 var gefin út, lá fyrir, að einhver skip hefðu stundað veiðar í andstöðu við lög nr. 80/1938. Því hafi verið kveðið á um það með skýrum hætti í reglugerðinni, að afli, fenginn í andstöðu við þau lög, skyldi ekki metinn til aflareynslu. Við setningu reglugerðarinnar höfðu hins vegar engar útgerðir orðið uppvísar að því að stunda úthafsveiðar í andstöðu við fiskveiðilöggjöf eða almenn hegningarlög, og því var óþarft að tilgreina sérstaklega, að slík brot hefðu sömu afleiðingar og brot á lögum nr. 80/1938. Samkvæmt dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996 liggi það fyrir, að vinnustöðvun verkalýðsfélagsins Vöku hafi að formi og efni verið gild fyrir stefnanda, og hafi því útgerð Siglis, SI-250, verið óheimilt lögum samkvæmt að halda skipinu til veiða þann tíma, sem verkfallið stóð yfir. Um þetta efni sé dómur Félagsdóms endanlegur.

Um þá kröfu, að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til að fá metinn til aflareynslu allan afla Siglis, SI-250, á úthafskarfa óháð því, hvort hann hafi verið bræddur eða unnar úr honum frystar afurðir, vísar stefndi

til rökstuðnings í stjórnsýsluúrskurði sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. mars 1997 svo og til þeirra málsraka, sem fram koma í málavaxtalýsingu í greinargerð þessari. Gildir hið sama um varakröfu stefnanda þess efnis, að viðurkenndur verði réttur hans til að fá metinn til aflareynslu allan sannanlegan afla skipsins af ósýktum úthafskarfa óháð því, hvort hann hafi verið nýttur í bræðslu eða unnar úr honum frystar afurðir.

Vegna þeirra gagna og röksemda, sem nú hafa komið fram af hálfu stefnanda, bendir stefndi á, að við samanburð á fram lögðum skjölum komi fram, að skoðanir stefnanda um nýtingu afla í frystingu og mjölvinnslu séu nokkuð á reiki.

Varakrafa stefnanda sé, að allur ósýktur karfi án tillits til þess, hvort hann er bræddur eða frystur, verði reiknaður til aflareynslu skipsins. Stefnandi leggi ekki fram nein gögn um, hve mikill hluti aflans hafi verið sýktur, en miðað sé í stefnu við 16%. Af tölum stefnanda verði ekki dregin önnur ályktun en sú, að bræddar hafi verið rúmlega 2.065 lestir af ósýktum fiski um borð í skipinu og tæp 37% af heildaraflanum þannig farið til bræðslu.

Í stefnu sé látið að því liggja, að hluti hins ósýkta afla sé ekki hæfur til frystingar, en útgerðir annarra skipa hafi fryst hann og ísað og því fengið þann afla metinn til aflareynslu. Þessari röksemd hafnar stefndi. Við nýtingu úthafskarfastofnsins sé miðað við, að allur ósýktur fiskur væri nýttur til manneldis, en við veiðar á þessum stofni fæst aðeins kynþroska fiskur, og er því enginn smáfiskur í aflanum. Frákast sé því lítið sem ekkert nema af sýktum fiski.

Í stefnunni sé leitast við að leiða rök að því, að rúmlega 2000 lestir af ósýktum fiski hafi verið bræddar um borð í skipi stefnanda, án þess að því til staðfestingar liggi nokkur frekari gögn. Af hálfu stefnda er slíkt talið með ólíkindum, einkum ef litið er til þess verðmætismunar, sem sé á bræddum fiski og fiski, sem nýttur er til manneldis.

Í gildandi lögum um stjórn og nýtingu auðlinda hafsins sé farið eftir þeirri meginreglu, að fiskistofnarnir séu nýttir á sem hagkvæmastan hátt fyrir þjóðarbúið, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1990, 1. gr. laga nr. 151/1996 og 1. gr. laga nr. 57/1996. Hafi bræðsla á ósýktum, nýtanlegum fiski verið stunduð um borð í skipi stefnanda í þeim mæli, sem ráða megi af stefnu, telur stefndi, að slíkt hafi brotið gegn þeirri nýtingarstefnu, sem mörkuð er í áðurgreindum lögum, og leggur áherslu á, að ekki megi til þess koma, að slík umgengni um auðlindir geti aukið hlut skips stefnanda á kostnað annarra, sem staðið hafi skynsamlegar að verki.

Því virðist haldið fram af stefnanda, að við ákvörðun á veiðireynslu beri að líta til alls afla, sem skip kemur með að landi, án tillits til þess, hvernig

aflinn er nýttur. Af hálfu stefnda sé hins vegar litið svo á, að í þessu tilviki merki afli þann úthafskarfa, sem fiskiskip fær í veiðarfæri sín og kemur á þilfar fiskiskips. Úr frystitogara, sem ekki sé búinn til bræðslu, sé miðað við, að 46% af karfaaflanum komi að landi. Úr frystitogara, sem búinn sé bræðslu, komi allur afli á land. Með því að beita þeirri reglu að miða eingöngu við nýtingu hinna frystu afurða sé ekki gengið á rétt þess skips, sem bræðir hluta aflans, og sú regla eigi að endurspegla afla skipanna, hafi rétt verið að málum staðið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að sú aðferð, sem ákveðin er í 4. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 27/1997 til útreiknings aflareynslu og til útreiknings aflamarks, sbr. 2. mgr. 4. gr., sé eðlileg og réttmæt til að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt, þ. e. að tryggja jafnræði með þeim aðilum, er veiðarnar hafa stundað, og skynsamlega nýtingu fiskistofnsins.

Stefndi telur, að slík almenn heimild til að setja reglur um útreikning aflahlutdeildar felist í 19. gr. laga nr. 51/1996 um veiðar utan lögsögu Íslands, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 68/1981 um framtíðarsamvinnu ríkja um fiskveiðar í Norðaustur-Atlantshafi.

III.

Forsendur og niðurstaða.

Með lögum nr. 68/1981 var ríkisstjórninni heimilað að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja um fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Í 2. gr. laganna kemur fram, að sjávarútvegsráðherra sé heimilt að setja reglur um framkvæmd samningsins. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laganna samþykkja samningsaðilar að setja á stofn og starfrækja Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefnd, sem í lögunum er kölluð nefndin.

Á ársfundi nefndarinnar í nóvember 1996 varð samkomulag með aðildarríkjum um nýtingu úthafskarfastofnsins á Reykjaneshrygg árið 1997. Í hlut Íslands komu 45.000 tonn.

Hluti úthafskarfastofnsins á Reykjaneshrygg er sýktur og óhæfur til frystingar vegna sníkjudýra, sem vaxa á fiskinum og ganga inn í fiskholdið. Hlutfall sýkts fisks telst að meðaltali 16%, og er þeim fiski að jafnaði hent.

Í 3. gr. laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands segir, að ráðherra geti sett reglur um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu, sem nauðsynlegar séu til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins, eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum. Í 2. mgr. 4. gr. laganna segir, að ráðherra skuli með reglugerð binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum, sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegrar

samningsskuldbindingar Íslands til þess að fullnægja almennum ákvörðunum, sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til verndar hagsmunum Íslands, að því er varðar fiskistofna, sem rætt er um í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum, sem nauðsynleg eru. Í 5. gr. laganna segir, að um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skuli gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða, eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 38 frá 1990 um stjórn fiskveiða segir, að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Í 13. gr. laganna segir, að ráðherra geti sett nánari reglur um framkvæmd þeirra.

Reglugerð nr. 27/1997 um úthlutun veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg er sett með heimild í nefndum lögum og til þess ætluð að tryggja samningsskyldur Íslands samkvæmt alþjóðasamningi um veiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Í 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar segir: „Hverju íslensku fiskiskipi skal reiknuð aflahlutdeild í úthafskarfa, sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari, og skal aflahlutdeild hvers skips reiknuð í hlutfalli við afla skips, miðað við þrjú bestu veiðiár þess almanaksárin 1991–1996."

Í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar kemur svo fram, að við útreikning afla samkvæmt greininni skuli miða við 55% nýtingu, hafi úthafskarfanum verið landað hausskornum, en 30%, hafi honum verið landað flökuðum með roði og beinum. Hinn 7. mars 1997 úthlutaði Fiskistofa 51 skipi aflahlutdeild í úthafskarfa á Reykjaneshrygg. Skipi stefnanda, Sigli, SI-250, var sama dag úthlutað aflahlutdeild í úthafskarfanum og aflamarki árið 1997. Úthlutun þessi var byggð á útreikningsgrunni 3. gr. reglugerðarinnar og er ágreiningslaus að öðru leyti en því, er varðar þá ákvörðun Fiskistofu að telja ekki með til veiðireynslu skipsins þann hluta aflans, sem bræddur var, svo og að draga frá veiðireynslu skipsins þann afla, sem fenginn var, meðan á sjómannaverkfalli stóð.

Í úrskurði sjávarútvegsráðuneytisins frá 21. mars 1997 kemur fram, að er fjallað hafi verið um stjórn úthafskarfaveiða innan Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, hafi verið talið eðlilegra í framkvæmd og einfaldara í eftirliti að miða heildaraflaheimildir og aflaheimildir einstakra þjóða við ósýktan fisk, þ. e. þann hluta aflans, sem almennt sé komið með að landi og unnt að staðreyna. Til skipta milli landa hafi því verið ósýktur úthafskarfi, en sýktur fiskur verið utan kvóta, hvort sem honum var hent fyrir borð eða hann nýttur til bræðslu. Eingöngu aflareynsla af ósýktum fiski hafi verið notuð til viðmiðunar við skiptingu aflaheimilda.

Í lögum nr. 151/1996 er ekki kveðið á um það, hvernig einstaka fiskistofnar skuli nýttir eða hvernig úthlutað skuli afla úr þeim. Þess í stað er ráðherra veitt heimild í 2. mgr. 4. gr. laganna til þess í reglugerð að binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu þeim sérstöku leyfum, sem nauðsynleg eru talin hverju sinni. Skal þá m. a. miða við veiðireynslu, sem nánar er kveðið á um í 5. gr. laganna.

Ákvæði 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1996 felur það í sér, að við útreikning afla samkvæmt greininni skuli miða við ósýktan karfa, sem komið er með frystan að landi. Þetta voru þau sjónarmið, sem lágu að baki, þegar ákveðin var heildaraflaheimild úthafskarfastofnsins svo og aflaheimildir einstakra þjóða, enda skip þau, sem þessar veiðar stunda, venjulegir frystitogarar án sérstaks útbúnaðar til að bræða aflann. Þessari viðmiðun var einnig beitt, þegar hluta Íslands var skipt milli þeirra skipa, sem rétt áttu til úthlutunar veiðiheimilda í úthafskarfa á Reykjaneshrygg árið 1997. Reglugerðarákvæði þetta er þannig í samræmi við samning Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar, sem áður var vísað til. Ákvæði 3. gr. reglugerðarinnar felur það einnig í sér, að stefnanda er heimilt að nýta bæði sýktan karfa sem og ósýktan til bræðslu, án þess að sá hluti aflans teldist til aflahlutdeildar skipsins. Með þeim hætti getur stefnandi fullnýtt kosti skipsins til að skapa verðmæti úr öllum veiddum afla.

Heimildir ráðherra samkvæmt lögum nr. 151/1996 til að binda veiðileyfi skilyrðum á grundvelli veiðireynslu eru víðtækar, og er takmörkunin, sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1996, innan marka þeirra. Með hliðsjón af því og að öðru leyti með vísan til þess, sem hér að framan hefur verið rakið, ber að hafna þeirri málsástæðu stefnanda, að skort hafi lagaheimild til að setja með reglugerð ákvæði, sem fól í sér, að bræðslufiskur teldist ekki til afla í skilningi 3. gr. hennar. Ber því að sýkna stefnda af þeirri aðalkröfu stefnanda, að sér beri aukin aflahlutdeild, vegna þess að hann hafi nýtt ósýktan karfa til bræðslu. Um varakröfu stefnanda ber að vísa til sömu efnisraka og hér að framan.

Með dómi Félagsdóms frá 10. júní 1996 í máli Alþýðusambands Íslands f. h. Sjómannasambands Íslands vegna verkalýðsfélagsins Vöku gegn Siglfirðingi hf. var komist að þeirri niðurstöðu, að vinnustöðvun verkalýðsfélagsins Vöku hefði að formi og efni verið gild gagnvart stefnanda í því máli. Jafnframt var stefnandi talinn hafa brotið gegn 18. gr. laga nr. 80/1938. Um þetta atriði er niðurstaða Félagsdóms bindandi í því máli, sem hér er til úrlausnar.

Óumdeilt er, að afli Siglis, SI-250, á tímabilinu nam samtals 301.200 kg og að ekki var af hálfu Fiskistofu miðað við þann afla við útreikninga á

aflareynslu skipsins. Hefði þessi afli verið talinn með til veiðireynslu, hefði það falið í sér mismunun gagnvart þeim skipum, sem þessar veiðar stunduðu og fóru að lögum. Ákvörðun Fiskistofu hvíldi því á samræmi og jafnræði í lagalegu tilliti. Til áréttingar þessari meginreglu var síðan kveðið á um það í 3. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 27/1997, að ekki skuli tekið tillit til afla, sem fenginn er í andstöðu við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur og laga nr. 20/1987 um sjómannadag.

Afli sá, sem veiddur var á umræddum tíma, var nýttur svo sem annar afli skipsins. Ekki er því fallist á, að í ákvörðun Fiskistofu hafi falist refsing eða viðurlög. Samkvæmt þessu er ekki fallist á með stefnanda, að stefndi hafi brotið gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar, þegar veiðireynsla Siglis, SI-250, var skert um það, sem aflaðist, meðan á umræddu verkfalli stóð.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu. Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri sinn hluta málskostnaðar.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, sjávarútvegsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Siglfirðings ehf., í málinu.

Málskostnaður fellur niður.